

Ósk um ráðgjöf og aðstoð vinnumatsnefndar vegna vinnumats framhaldsskólakennara

Skóli Menntaskólinn á Ísafirði	Símanúmer 450-4400
X Kennari <input type="checkbox"/> Skólameistari	Netfang [redacted]
Dagsetning 8. september	
<p>Efni erindis</p> <p>Ég er að kenna á starfsbraut og ég veit ekki alveg hvernig ég á að setja inn í vinnumatið þegar ég er að kenna 3 áfanga í sömu kennslustund. Ég er með 6 nemendur en þeir eru ekki allir á sama ári og því er ég með 3 áfanga í flestum fögum.</p> <p>Íslenska: ÍSL5S36 (1 nemendi), ÍSL7S36 (1 nemandi) og ÍSLE1TL05 (4 nemendur) Enska: ENS5S24 (1 nemandi), ENS/S24 (1 nemandi) og ENSK1TL03 (4 nemendur) Starfsfræðsla: STAR1RS05 (4 nemendur) og STV3S36 (2 nemendur).</p> <p>Ég setti inn hvern áfanga fyrir sig og svo fjölda nemenda miðað við hvern áfanga en þá er ég væntanlega ekki að fá alveg rétta prósentu út í samantektinni. Samt sem áður tel ég ekki þetta vera sama áfangann þó ég sé að kenna þá í sömu kennslustundinni því ég er með önnur verkefni fyrir hvern og einn áfanga og ég er að undirbúa hvern áfanga fyrir sig. Hvernig er best fyrir mig að setja þetta upp?</p>	

Afgreiðsla

Vinnumatsnefnd	Hver veitti ráðgjöf Vinnumatsnefnd 3	Málsnúmer
<p>Svar</p> <p>Gert er ráð fyrir að nemendur á starfsbraut séu með mismunandi námsefni og þeim þurfi að sinna einstaklingsbundið miðað við fötlun þeirra. Þó þeir séu skráðir í mismunandi áfanganúmer breytir það ekki því. Kennari og skólameistari þurfa að komast að samkomulagi um hversu marga nemendur með mismunandi fötlun er eðlilegt að ráða við í hóp í einni kennslustund.</p> <p>Því væri kennslustund í íslensku einn hópur hvert svo sem áfanganúmerið er, ekki er hægt að tvitelja eða þritelja kennslustund.</p> <p>Rétt er því að nota sýnidæmi með reikniverki fyrir nemendur sem kennt er saman þó getustigið og þar með námsefnið sé mismunandi.</p>		
Dagsetning afgreiðslu 14. september 2015 <i>fh. vinnumatsnefndar 3</i> 		Form ráðgjafar <input type="checkbox"/> Tölvupóstur <input type="checkbox"/> Sími <input type="checkbox"/> Heimsókn / Fundur <input type="checkbox"/> Annað